

Formannafundur AKÍS 20. nóvember 2021

Keppnisráð í spyrnu

Halldór Hauksson

Brynjar Gauti Schiöth

Ingimundur Helgason

Skýrsla ráðsins

Á árinu fór fram Íslandsmót í kvartmílu, götuspyrnu og sandspyrnu.

Fjórar keppnir voru í kvartmílu, allar hjá KK.

Þrjár keppnir voru í götuspyrnu, allar hjá BA.

Fjórar keppnir voru í sandspyrnu, tvær hjá KK og tvær hjá BA.

Á næsta ári er fyrirhugað að keppni á Íslandsmóti í spyrnu verði fimm keppnir sem fari fram á brautum KK og BA. Íslandsmót í götuspyrnu verði ein keppni sem fari fram á Bíladögum hjá BA. Íslandsmót í sandspyrnu verði fjórar keppnir sem fari fram hjá KK og BA. Þá eru fyrirhuguð bikarmót í ártungsmílu hjá BA.

Gerðar hafa verið miklar breytingar á keppnisflokkum í spyrnu sem taka gildi á næsta ári. Þá hefur verið bætt við keppnisflokkum í götuspyrnu.

Engar breytingar hafa verið gerðar á reglum fyrir sandspyrnu.